



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 25. júní 2024, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Hermann Vilmundarson, Haraldur Pétursson, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson og Lárus Sindri Lárusson,

1. Kynning frá 1 deildinni

Garðar Hólm kom og kynnti hvernig 1.deildin gekk í vetur. Heilt yfir gekk deildin vel, einhverjar uppákomur en ekkert alvarlegt. 14 lið sóttu um, 11 á réttum tíma og 3 eftir að fresti lauk.

Náið samstarf var með Alendis til að tryggja góða útsendingu, gerður var tveggja ára samningur. Deildin mannaði þuli í útsendinguna og viðtöl.

Gott að hafa tengingu við Áhugamannadeildina en það er engin tengingar kominn við Meistaradeildina. Boða þarf fund eftir sumarið til að ræða samstarfið milli deilda og reglur sem um þær gilda.

2. Staða Landsmóts

Mikið að gera síðustu dagana fyrir Landsmótið, Jónína hefur verið í góðu sambandi við Hjört og komið öflugt inn í allt skipulag mótsins. Þorri í Fák heldur utan um hópreiðina og Haraldur og Sigurbjörn munu aðstoða. Æskilegt er að Sprettur skaffi nokkra aðila til að aðstoða við verðlaunaafhendinguna, Jónína er með málið.

Knapafundur yngri flokka verður á fimmtudaginn, Jónína mætir f.h. stjórnar og talar við knapana, Hulda María Sveinbjörnsdóttir kemur í félagsbúning og gefur góð ráð. Hægt að spyrja spurninga og Erla Guðný gæðingadómarari verður á svæðinu til að svara.

Félagsgrillið verður haldið á föstudagskvöldi á Landsmóti, kl. 17:30. Haraldur og Sigurbjörn taka það að sér. Stjórn Sprettis, framkvæmdastjóra og yfirþjálfara boðið eitt armband hvert á Landsmótið. Formaður hefur samband og útdeildir armböndum á þessa aðila.

3. Staða framkvæmdastjóra

Ekkert að fréttu, staðan tekin efir Landsmót.

4. Umsóknir um starf yfirþjálfara

Formlegar umsóknir hafa borist, rætt um að framlengja umsóknarfrestinn um viku þó ekki ákveðið að gera það.

5. Fundur um spegla í Samskipahöllinni

Búið er að ganga frá samkomulagi við Hermann og Auði um uppgjör á efniskostnaði í tengslum við uppsetningu á speglum í Samskipahöllinni. Er þeim færðar bestur þakkir fyrir sitt mikla framlag til Sprettis.

6. Siðareglur fyrir Sprett

Fyrstu drög tilbúin og verið er að leita umsagna, Jónína ætlar að skoða reglur Breiðabliks. Verður borið undir félagsfund sem stefnt að því að halda í haust.

7. **Reiðmaður og reikningar**

Við næstu samninga um Reiðmanninn þarf að stefna að því að tryggja fast verð fyrir hvert námskeið eða fyrir fjöldann sem eru skráðir á hvert námskeið.

8. **Hörður – lán á Bola og Dómskúr**

Já, samþykkt að lána Herði Bolann og Dómskúrinn fyrir Íslandsmóti barna og unglunga.

9. **Fjármál**

Farið yfir fjármál, mikilvægt að fara yfir öll mál sem snúa að reikningum sem mögulega á eftir að innheimta.

10. **Fundur með Kópavogsbæ**

Fundur á fimmtudaginn til að ræða heylanið. Birkir deildarstjóri gatnadeildar og Gunnar deildarstjóri íþróttadeildar mæta á fundinn ásamt Jónínu og Sigurbirni.

11. **Salurinn – næstu skref**

Fyrsti fundur „nýju“ umsjónaraðilanna var í dag. Davíð athugar með aðgangsmál að netföngum.

Fundi slitið kl. 22:15

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson